



Guðrún Hildur Gunnarsdóttir við mælingar á kynbótasýningu á Hólum í Hjaltadal. Bjarni Jónasson heldur í hestinn. Mynd/ Anna Guðrún Grétarsdóttir

Hrossarækt:

Sýningaáætlun fyrir kynbótasýningar 2024

Á fundi fagráðs í hrossarækt þann 29. nóvember 2023 var eftirfarandi sýningaáætlun samþykkt.



Halla Eygló Sveinsdóttir.

RML áskilur sér rétt til að fækka dögum, fella niður sýningar eða sameina sýningar eftir þörfum. Lágmarksfjöldi skráninga á sýningu eru 30 hross, nái sýning ekki þeim fjöldi er sýning felld niður og hrossin færð á aðrar sýningar í samráði við eigendur þeirra eða sýningargjöld að fullu endurgreidd.

Sjálfsgagt eru margir ræktendur þegar farnir að vege og meta hvaða hross þeir hyggjast mæta með á sýningar og þá er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema

búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggja fyrir í WF.

- Allir stóðhestar verða að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt

Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.

Ef þess er nokkur kostur þá er farsælast að afgreiða þessi atriði sem fyrst því tíminn til vors er fljótur að líða.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni www.rml.is



Höfundur er ráðunautur í hrossarækt.

Vorsýningar

27. maí til 31. maí Rangárbakkar I
3. júní til 7. júní Víðidalur
3. júní til 7. júní Rangárbakkar II
3. júní til 7. júní Hólar I
10. júní til 14. júní Selfoss I
10. júní til 14. júní Rangárbakkar III
10. júní til 14. júní Sprettur I
10. júní til 14. júní Hólar II
18. júní til 21. júní Selfoss II
18. júní til 21. júní Rangárbakkar IV
18. júní til 21. júní Hólar III
18. júní til 21. júní Sprettur II
1. júlí til 7. júlí Landsmót hestam. Víðidal

Miðsumarssýningar

22. júlí til 26. júlí Rangárbakkar
22. júlí til 26. júlí Hólar
23. júlí til 24. júlí Stekkhólmi

Síðsumarssýningar

12. til 16. ágúst Rangárbakkar I
12. til 16. ágúst Hólar
19. til 23. ágúst Rangárbakkar II

Kaupfélag Borgfirðinga fagnar 120 ára afmæli.

Ekki missa af frábærum afmælistilboðum í hverri viku inn á www.kb.is



Sendum um allt land

WWW.KB.IS

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11. janúar 2024 að auglýsa lýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 fyrir íþrótt- og stofnanasvæði í Borgarnesi í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Íþróttasvæði O1, íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 – Breyting á aðalskipulagi.

Afmörkun íþróttasvæðis (O1) er breytt og stækkað bæði til suðurs og austurs. Til samræmis minnkar skólasvæðið (Þ3) og íbúðarsvæðið (Í4).

Ofangreind skipulagslýsing er kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Lýsingin er í kynningu frá 25. janúar til og með 12. febrúar 2024.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingu við lýsinguna á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 25. janúar 2024.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



BORGARBYGGÐ



Það er frost á Fróni

Svæðið hlýnar hratt með vatnshitablásara!

VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is